

Ed.

553. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um raunsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist náttúrurannsóknarnefnd, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.

Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna.

2. gr.

2. másl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðist þannig:

Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn náttúrurannsóknarnefndar, og skal hann í samráði við hana og hina deildarstjórana samræma störf deildanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum náttúrurannsóknarnefndar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum náttúrurannsóknarnefndar, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er fram komið í 5. gr. í frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands. Þykir réttara að hera þessa till. frv. fram sem frv. um breytingar á viðeigandi lögum.